

Þriðji fundur Delta-deildar starfsárið 2015-2016 var haldinn 27. janúar 2015. Fundurinn var haldinn í Hannesarholti að Grundarstíg 10 í Reykjavík og hófst kl. 18.00.

Theodóra setti fundinn og bauð Guðbjörgu M. Sveindóttur, deildarforseta velkomna. Hildur kveikti á kertunum þremur, Theodóra gerði nafnakall og bar kveðjur frá konum. Því næst snæddu konur tómátúpu að hætti hússins. Að borðhaldi loknu settist Theodóra við píanóið og við sungum, Hann Tumi fer á fætur og DKG sönginn. Að því loknu greindi Sjöfn ritari munlega frá síðasta fundi þar sem fundargerðin varð eftir heima.

Orð til umhugsunar flutti Jóhanna Karlsdóttir. Fjallaði hún um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna á Íslandi út frá sinni upplifun og þátttöku. Jónína sagði að þetta hafi verið mjög eftirminnilegir tímar og þátttaka hennar í Kvennfrídeginum hafi verið ómótstæðileg upplifun.

Önnur mál, Theodóra greindir frá því að ef okkur langar til að taka þátt í menntaviðburði þá væri hægt að sækja um styrki til félagsins og árlega veitir DKG styrk þeim sem starfa vel fyrir samtökin á alþjóðavísu.

Guðbjörg deildarfoseti greindi frá því að starfstími sitjandi stjórnar færi að styttest en Jesína hafi komið inn á s.l. ári sem gjaldkeri. Landssambandsfundurinn yrði í Reykjavík og er verið að setja niður dagskrána og annar undirbúningur í fullum gangi. Hvatti hún konur til að mæta á landssambandsþingið 9. maí en yfirskrift þingsins er **Að vera tengdur - uppspretta skólaþróunar og skapandi leiða í námi**. Meðal þess sem hún ræddi var hve mikilvægt það sé að leggja áherslu á innra starf deildanna því konum hefur einungis fjölgað um tuttugu, ekki mætti gleyma að hafa gaman á fundum og skrattast saman. Til að efla samskipti milli deilda væri gott að nota heimasíðuna og facebook síðuna. Hún hvatti konur til að taka virkan þátt og mæta á alþjóðleg þing. Næst verður það haldið í Nashville USA árið 2016 en Evrópuþingið verður á þessu ári í Svíþjóð 5-8. ágúst. Guðbjörg sagði að konur ættu að leggja áherslu á að styrkja sig faglega og einstaklingslega. Að lokum fór Guðbjörg með ljóð Þorsteinn Erlingssonar Þorradagur.

Theodóra greindi frá því að næsti fundur yrði haldinn í Heiðaskóla 23. mars. Borðað yrði á Laxárbakka og Kappa konur kæmu í heimsókn.

Happdrættið var á sínum stað og fékk Sjöfn ritari vinninginn.

Theodóra sleit formlega fundinum og bað konur um að færa sig niður í sal á Stjórnunámskeið hjá Sigrúnu Jóhannesdóttur. Sigrún fór með okkur í gegnum Leiðarstjórnuna sem var mjög áhugavert. Sköpuðust góðar umræður og fannst konum þetta mjög gagnlegt og fróðlegt námskeið hjá Sigrúnu og færði Theodóra formaður henni rós sem þakklætisvott. Sigrún þakkað fyrir sig og formaður óskaði konum góðrar heimferðar.

Fundi slitið kl. 21.00

Sjöfn Guðlaug Vilhjálmsdóttir ritaði fundargerðina.